



Alþingi
Erindi nr. P 138/134
komudagur 16.11.2009

10. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 5. nóvember 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um nýsköpunarfyrirtæki, 82. mál á 138. þingi, sem og fylgifrumvarp um breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, 81. mál á 138 þingi. Seinna frumvarpið felur í sér skattalegar heimildir í samræmi við hið fyrra.

Efni frumvarpanna fellur ekki undir lögbundin viðfangsefni Seðlabankans. Bankinn tekur hins vegar undir mikilvægi þess að styðja við og efla nýsköpun, sem er einn meginþrákraftur efnahagsframfara til lengri tíma lítið. Á sama tíma er hins vegar mikilvægt að sníða frumvarpið þannig að ekki skapist hvatar fyrir einstaklinga að breyta hegðun sinni þannig að af hljótist þjóðhagsleg sóun, t.d. með misnotkun frádráttarheimilda.

Að öðru leyti tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson

aðstoðarbankastjóri

Þórarinn G. Pétursson

aðalhogfræðingur